

# Dalalæðan

1. tbl. 25. árg., 27. janúar 2012



Veturinn hefur verið snjópungur í dalnum sem og annars staðar en þessi hestur getur leitað skjóls í einum af mörgum trjálundum í Dalnum.

## **Adalfundur Vígólis**

verður haldinn í Reykjadal  
fimmtudaginn 16. febrúar og hefst kl. 20.00

*Dagskrá:*

Ársskýrsla fráfarandi stjórnar  
Reikningar liðins starfsárs  
Kosning stjórnar og endurskoðanda  
Lagabreytingar  
Önnur mál  
**Fjölmennum!**

*Stjórnin*

Leiðari


## **Þorra heilshad**

*Kuldinn er nístandi napur  
og nóttin fellir sín tjöld.  
Í brekkunum kolfastir bílar  
og bylurinn hefur öll völd.*

*Ég kemst ekki neitt yfir Ása,  
ég ætlaði á bingó í kvöld.  
Í fönninni sit ég nú fastur,  
fárviðrið tekur sín gjöld.*

*Þótt bankarnir herji á bændur  
á brjálaðri ómennskuöld.  
Við íklæðumst fínustu fötum  
og fögnum nú Þorra í kvöld.*

Bjarki Bjarnason.



## **Sjáumst hress á þorrablótinu!**

### ***Dalalæðan***

1. tbl. 25. árg. 27. janúar 2012

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot og umsjón: Rafn Jónsson. Prentun: Samskipti.

*Dalalæðan er prentuð í 150 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili  
í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.*

## ***Merkisafmæli á árinu 2012***

### **85 ára**

Salome Þorkeldsdóttir frá  
Reykjahlið, 3. júlí.

### **80 ára**

Svava Ingimundardóttir frá  
Hrisbrú, 12. september.

### **70 ára**

Jón B. Aspar,  
Æsustöðum, 3. febrúar.  
Ragnheiður Bergsdóttir  
Gíslason, Laxnesi, 30. júní.  
Jón Baldvinsson,  
Furuvöllum, 2. október.  
Hrefna Indriðadóttir  
frá Víðigerði, 21. október.  
Helga L. Hólm,  
Selvangi, 16. nóvember.  
Erlingur Ólafsson,  
Reykjadal, 23. desember.

### **60 ára**

Guðrún Önfjörð Magnúsdóttir  
frá Selholti, 10. janúar.  
Ómar Önfjörð Magnússon frá  
Selholti, 11. janúar.  
Rafn Jónsson,  
Helgadalsvegi 7, 28. mars.  
Þorkell Jóelsson,  
Túnfæti, 28. maí.  
Bjarki Bjarnason,  
Hvirfli, 15. júní.

Guðlaug Sigurðardóttir,  
Reykjadal, 18. nóvember.  
Bryndís Einarisdóttir frá  
Reykjadal, 9. desember.

### **50 ára**

Bjarni Bjarnason,  
Hraðastöðum, 25. apríl.  
Dísa Anderiman,  
Skeggjastöðum, 18. maí.  
Hanna Erlingsdóttir frá  
Reykjadal, 3. desember.

### **40 ára**

Kolbeinn Sigurjónsson, Víði-  
bakka, 22. janúar.  
Ingólfur Tómasson frá  
Breiðufit, 30. júní.  
Sigríður Sigurðardóttir  
frá Sigtúni, 4. september.  
Lilja Dóra Guðmundardóttir  
frá Æsustöðum,  
9. september.  
Einar Páll Kjærnested frá  
Laugabakka, 20. september.  
Ásdís Ómarsdóttir frá Lauga-  
bóli, 23. september.  
Ólöf Ágústa Erlingsdóttir,  
Hlöðunni, 22. október.

***Dalalædan óskar  
þessu ágæta fólki til  
hamingju.***

# Rútan Fjallabakur

**Guðjón Jenson**  
skrifar

*Bifreiðin Fjallabakur sem  
eitt sinn var í eigu  
Guðmundar Jónassonar  
ferðagarps. Við rútna  
stendur María Chung-Ritter  
en Mosfell er í baksýn.*



Á síðustu árum hefur verið grafinn upp bær, kirkja og kirkjugarður á Hrísbú, eins og frægt er orðið. En skammt frá uppgreiftrinum má sjá annarskonar minjar sem er gamall fjallabíll af gerðinni Mercedes benz, árgerð 1961. Rútan var eitt sinn í eigu Guðmundar Jónassonar, þess landspekkta fjallabílstjóra, og sú saga fylgir að lengi vel mátti enginn aka bílnum nema Guðmundur einn.

Ýmsar sögur eru til af fjallaferðum Guðmundar Jónassonar og sennilega tengjast margar þeirra þessu farartæki. Frægt er þegar hann fann Hófsvað á Tungnaá árið 1950. Eftir það stansaði hann gjarnan við vaðið áður en hann ók yfir það, klæddist sínum rosabullum, tók grenistaf einn mikinn sér í hönd og kannaði vandlega hvort vaðið hefði breyst síðan síðast. Þegar allir höfðu fest mynd af karli gegnum bílgluggana settist hann aftur undir stýri, rak bílinn í gir og ók af stað yfir ána með far-

þegana skjálfaði af hræðslu.

Vorið 1992 lauk ég prófi frá Leiðsöguskóla Íslands og fór í mínar fyrstu langferðir með þessum aldna truck sem þá hafði fengið nafnið Fjallabakur. Þáverandi eigandi bílsins var Magnús Þór Einarsson. Engin farangurslest var í bifreiðinni og varð að koma farangrinum fyrir uppi á þaki hennar. Síðan var breitt segl yfir og allt njörvað niður með kaðli. Lítil geymsla var aftast í bílnum, þar voru geymd eldunaráhöld, gaskútar, bekkir, borð og veitingatjaldið, ásamt matarkosti.

Ég á góðar minningar um Fjallabak. Við Magnús Þór fórum í þrjár langferðir saman á trucknum sem var óskaplega hægfara, enda lággíraður og þurfti að „tvíkúpla“ þegar skipt var um gir. En nú liggur þessi fyrrum forstjórabíll Guðmundar Jónassonar undir skemmdum og sú spurning kviknar hvort hann eigi ekki heima á Samgöngusafninu á Skógum undir Eyjafjöllum.

# Dalalæðurnar öflugar!

Stelpurnar í kvenfélaginu Dalalæðurnar hittust í tíu skipti á síðasta ári til skrafs og ráðagerða. Þær héldu m.a. páskabingó, lærðu kertagerð og borðuðu saman jólamat. Í desember héldu þær sinn árlega jólamarkað og jólaball í Reykjadal. Eftir jólamarkaðinn styrktu Dalalæðurnar börn Hönnu Lilju Valsdóttur heitinnar frá Minna-Mosfelli og Gísla Björnssonar um 50.000 krónur.

Dalalæðurnar fengu einnig til sín góða gesti á árinu. Salome Þorkelsdóttir kom og sagði frá lífinu í Dalnum á árum áður og Herdís Sigurjónsdóttir, auðlinda- og



umhverfisfræðingur, kom og sagði frá störfum sínum innanlands sem utan. Þá mætti Bjarki Bjarnason á félagsfund hjá Dalalæðunum og sagði frá „baksviði“ Innansveitar-kroniku eftir Halldór Laxness.

Framhaldsaðalfundur Dalalæðanna verður haldinn í Reykjadal fimmtudagskvöldið 2. febrúar kl. 20.

## Njóta, ekki þjóta!

Hraðakstur í Dalnum hefur oft verið algengur og s.l. sumar höfðu vaskir Dalbúar fengið nóg! Þeir söfnuðust saman og útbjuggu fjölmörg skilti sem þeir settu upp meðfram veginum til að vekja

athygli á hraðakstrinum. Fóru svo í mótmælagöngu gegn hraðakstri. Nokkrum vikum síðar voru hraðamælar settir upp í Dalnum og menn eru á því að dregið hafi úr hraðakstri.



Skiltin tilbúin og mótmælagangan að hefjast!

# Hestaleigan á Hrísbú

Á 7. áratugnum var starfrækt hestaleiga á Hrísbú í Mosfellsdal eins og lesa má í þessari frásögn sem birtist í dagblaðinu Tímanum 26. ágúst 1964.

Á þeim hestamennskutímum, sem nú standa yfir, hafa nokkrir menn hafizt handa um að leigja hesta til ferðalaga, allt frá einnar stundar „sviftúrum“ til langferða. Hefur þannig verið stofnað til margra ferðalaga, m.a. Milli Suður- og Norðurlands. Mun Páll Sigurðsson, sá alkunni hestamaður, hafa átt fram kvæði þar að, með atbeina forstöðumanna Ferðaskrifstofu ríkisins. Aðrir, sem þar hafa helzt komið við sögu, eru Þorkell Bjarnason á Laugarvatni, Halldór Jónsson á Hellu og Ólafur Ingimundarson á Hrísbú í Mosfellssveit. -Verður hér lítillaga sagt frá þessari starfsemi Ólafs, en hún hefur einkum beint að stuttum ferðum um næsta nágrenni. —

Hestaleigan á Hrísbú hófst sumarið 1960 og kom strax í ljós, að þarna var nokkuð, sem fólk þótti góð tilbreyting. Sumir notfæra sér þetta sem nýtt „sport,“ en aðrir til að rifja upp gömul kynni. Þessi starfsemi

## HESTAR OG MENN

Á þessum hestamennskutímum, sem nú standa yfir, hafa nokkrir menn hafizt handa um að leigja hesta til ferðalaga, allt frá einnar stundar „sviftúrum“ til langferða. Hefur þannig verið stofnað til margra ferðalaga, m.a. Milli Suður- og Norðurlands. Mun Páll Sigurðsson, sá alkunni hestamaður, hafa átt fram kvæði þar að, með atbeina forstöðumanna Ferðaskrifstofu ríkisins. Aðrir, sem þar hafa helzt komið við sögu, eru Þorkell Bjarnason á Laugarvatni, Halldór Jónsson á Hellu og Ólafur Ingimundarson á Hrísbú í Mosfellssveit. — Verður hér lítillaga sagt frá þessari starfsemi Ólafs, en hún hefur einkum beint að stuttum ferðum um næsta nágrenni. —



Ólafur á Smára, sem varð or 2 af höfudstærri með 1911, sem varu seldir á kaupverðum markar 15. p. m.

Ólafur á Smára, sem varð or 2 af höfudstærri með 1911, sem varu seldir á kaupverðum markar 15. p. m.



Hér er mynd af eldri höfðingi við Tröllast.

## HROSSARÆKTUNARBÚÐ

# ÓLAFSHAGI



...Á HORNINU

**SS GÍSLASON**  
VIÐGERÐIR ehf.  
Völuteigi 25

hefur aukizt með hverju ári og þykir yfirleitt góð þjónusta við þann vaxandi fjölda manna, sem sækist eftir að njóta þeirrar tilbreytni og skemmtunar, sem hér er í boði. Áður en þessi starfsemi hófst hafði Ólafur og Ingimundur, faðir hans, haft stórt kúabú og einnig töluvert af sauðfé, hænsni og, hesta. Höfðu þeir feðgar nýlega reist yfir 30 kúa fjós og var það meira en fullt. En eftir að hestaleigan hófst, virtist svo, að hún gæti orðið arðbærari en venjulegur búskapur og ekki gott að samræma stórt kúabú og mikinn hestafjölda. Og því voru kýrnar seldar, en hestunum fjölgað. — Nú eru fáar kýr á Hrísrú, en margir hestar. — Eins og áður segir er hér aðallega um stutt ferðalög að ræða, tveggja til þriggja klukkutíma „sviftúr“ kringum Mosfell að Tröllafossi. Er þetta skemmtileg reiðleið og hæfilega löng fyrir óvaninga. — Alls mun Ólafur hafa yfir 20 hesta til þessara

ferðalaga, en á miklu fleiri. Oft eru farnar fleiri en ein ferð á dag, og kunnugur maður fylgir jafnan hverjum hóp, og fleiri en einn, ef um stóra hópa er að ræða. Mikið af þessum hestum hefur Ólafur tiltæka allt árið, og hafa margir notfært sér það undanfarna góðviðrisvetur engu síður en aðra árstíma. En tíðarfarið ræður að sjálfsögðu miklu um aðsóknina hverju sinni. Það er nokkur vandi að hafa heppilega hesta til svona notkunar. Fyrst og fremst verða þeir að vera auðsveipir og ganggóðir, og ekki of viljugir fyrir viðvaninga, sem e.t.v. hafa aldrei fyrr komið á hestbak. En svo eru aðrir, sem gera kröfur til, að hestarnir séu viljugri og tilþrifameiri, en talizt getur hættulaust fyrir óvaninga. — Hér getur því verið erfitt að gera öllum til hæfis — eins og í mörgu öðru. — Þó mun þetta yfirleitt hafa tekizt svo vel að viðunandi megi teljast.

### Ágætu lesendur Dalalædunnar

Árlega sendir stjórn Vighóls giróseðla inn á öll heimili í Mosfellsdal, að upphæð 2.000 krónur. Þar er um að ræða árgjald félagsins og styrk fyrir *Dalalæðuna*. Í fyrra brugðust menn fljótt og vel við og er það þakkað. Dalbúar eru hvattir til að greiða giróseðilinn eða leggja upphæðina inn á reikning félagsins sem er 0315-13-700185. Kennitala Vighóls er 641198-2779. Frjáls framlög brottfluttra Dalbúa eru einnig vel þegin!

*Með bestu kveðjum,  
Rafn Jónsson, formaður Vighóls.  
Þóra Bjarnadóttir, gjaldkeri.  
Jón Jóhannsson, ritari.*

### Grænmetismarkaður Tjaldstæði



**MOSSKÓGAR**  
Sími 6636173

**Swipmyndir frá þorablóti Dalbúa 2**



2011



Myndir: Mosfellingur

# Rófnarækt í Mosfellsdal

Þekkt er að félagasamtök hafa öll spjót úti til að afla fjár fyrir starfsemi sína og er þá gulrófnarækt ekki undanskilin. Árið 1979 stóð fjárhagur Karla-kórs Reykjavíkur höllum fæti, meðal annars vegna söngferðar til Kína. En þá var gripið til óvenju-legra ráða eins og fram kemur í sögu kórsins **Hraustir menn** eftir Þorgrím Gestsson:

„Það var hins vegar rófnarækt sem bjargaði fjármálum kórsins að þessu sinni, ein af þeim hugmyndum um fjáröflunarleiðir sem komu fram á almennum fundi kórmanna árið 1979 og var

hrundið í framkvæmd ári síðar. Böðvar Val-týsson hafði þá fengið af-not af garð-landi hjá hjónunum Ólafi Þórðar-syni og Krist-

ínu á Varmalandi í Mosfellsdal en Eyvindur Jónasson, kórfélagi og starfsmaður hjá Vegagerðinni, sá um að vinna landið og sá í akurinn. Hann notfærði sér að-stöðuna hjá Vegagerðinni og út-vegaði hjólaskúr til að fólk hefði skjól fyrir veðrum og vindum. Um haustið flyktust kórfélagar og fjölskyldur þeirra upp í Mosfells-sveit nokkrar helgar í röð til að taka verðmætin upp úr jörðu og hagnaðurinn var svo mikill að hann hrökk langleiðina upp í skuldirnar vegna Kínaferðar-innar.“



*Voverholti 2, Kjarna*



**Ísfugl**

**ÍSUGL**

Reykjavegur 36 Mosfellsbær  
Sími 5666103—Fax 5666762

## ***Veiditölur frá Guðna***

Hér koma veiðitölur ársins 2011 fyrir Mosfellsbæ, samkvæmt upplýsingum frá Guðna Bjarnasyni skyttu á Hraðastöðum:

Guðni vann þrjú töfugreni með sex full-orðnum dýrum og 13 yrðlingum. Grenin voru í Skollurð í sunnanverðu Grímannsfelli, á Soga-hæð austan við Seljabrekku og í Seljadal.

Einnig skaut Guðni sex svonefnd hlaupadýr á

Mosfellsheiði. 35 minkar lágu í valnum fyrir Guðna og 200-250 sílamávar, flestir í kringum Lágafell og Úlfarsfell. Rjúpur: Tölur ekki tiltækar.



**GNÁ ehf.** Viðhald og sprautun innréttinga. Garðar Hreinsson, sími 8947200



Vinnustofa Þóru á Hvirfli er opin eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 820-0321.

*Dýralæknirinn Mosfellsbæ*

Þverholti 2, Kjarna

Símar: 566-5066 6600-633

**Mosblikk ehf**

Hestakerrur sími 894-1236

**Ferðapjónustan og bókaútgáfan**

**FRÁ HVIRFLI TIL ILJA**

Símar: 566-7098, 820-0320

Netfang:

[bjarnasonbjarki@gmail.com](mailto:bjarnasonbjarki@gmail.com)

Bjarki Bjarnason

*Bifreiðaverkstæði*

**Guðvarðar og Kjartans**

Sími 566-6257

**REYKJABÚID**

Reykjum • 270 Mosfellsbæ • Sími 566-6800



## Stefán Scheving Thorsteinsson Árvangi



F. 22. desember 1931,  
d. 20. ágúst 2011

Stebbi frændi var myndarlegur, fróður, skemmtilegur, kátur og fordekraði okkur systur alla sína ævi – með stuðningi Ernu, konu sinnar.

Vegna starfa sinna varð Stebbi oft að dvelja á tilraunabúi Búnaðarfélags Íslands í sauðfjárrækt að Hesti í Borgarfirði. Þar vorum við tíðir gestir fram á unglingsár, reyndum að sitja hest og kynntum okkur undirstöðuatriði sauðfjárræktar og landbúnaðar á Íslandi yfirleitt. Síðan er Borgarfjörðurinn okkar sveit.

Ekki er öllum gefið að skilja tölu og við hefðum hætt námi strax í grunnskóla hefði Stebba og Ernu ekki notið við. Frá og með brotareikningi varð fræðigreinin með öllu óskiljanleg. Þá vorum við sendar til Stebba og Ernu. Stebbi reyndi að koma okkur í skilning um dásæmd og leyndardóma talanna. Þegar þolinmæði hans þraut tók Erna við og bar fram dýrindis krásir með, úr dansk-íslenskri eldhúsmenningu seinni hluta síðustu aldar eða ameríska eldhúsínu. Við náðum báðar grunnskólaprófi og getum

eldað fjölbreyttustu pastarétti.

Árvangi í Mosfellsdal fylgdi gróðurhús. Nú kynntumst við ræktun tómata og agúrkna hverja helgi. Slá garðinn, halda aftur af drengjunum og tíkinni, kynnst nágrönnunum og fagna fæðingu Þórhildar. Njóta gestrisinnar, félagskaparins, vináttunnar og vera teknar í tölu fullorðinna. Láta af sögum um drauga og djöfuldóm en hlusta á djass eða þögn næturinnar í dalnum, takast á um stjórnmál, sögu mannkyns, bókmenntir, efnahag og ástand heims. Sjá um staðinn þegar hjónin héldu út í heim. Geta alltaf leitað til Stebba frænda, í stóru sem smáu. Síðan er dalurinn okkar og enginn jóladagur, með sérvöldu hangikjöti að hætti búfjárræktarráðunautarins, nema þar.

*Ragnheiður Gyða og  
Oddrún Vala Jónsdætur*

### Gandur ehf.

Öll almenn  
járnsmíði og  
vélaviðgerðir

Sími 6968523



EIGNAMÍÐLUN  
Mosfellsbæ

Sími 5868080

### ÁK verktakar

eru í Mosfellsbæ!  
Pípulagningaþjónusta

*Kristinn Ingvarsson,  
pípulagningamaður,  
Sími 8994677  
astasisvalda@simnet.is*



## Ólafur Andrésón Frá Laugabóli

F. 6. apríl 1961,  
d. 3. nóvember 2011



Ólafur ólst upp að Laugabóli í Mosfellsdal, þar sem foreldrar hans voru blóma-bændur. Hann lærði bílasmiði við lón-skólann í Reykjavík og vann við það hér heima og í Færeyjum. Árið 1996 flutti hann til Englands og vann fyrir Flugfélagið Atlanta þar sem hann hafði umsjón með varahlutum í flugvélar. Einnig starfaði hann að hluta til í Jeddah í Sádi-Arabíu þegar pílgrímsflugið stóð yfir. Hann fluttist heim árið 1999 og vann sem húsasmiður þar til hann veiktist árið 2009.

Það eru margar sögur og minningar sem koma upp í hugann þegar ég hugsá um hann Óla vin minn og frænda sem lést langt um aldur fram. Hann var alveg einstakur félagi. Alltaf var hann boðinn og búinn að hjálpa til með allt og var með eindæmum ráðagóður. Þegar við fórum í okkar árlegu veiðiferðir var hann alltaf allt í öllu. Hann sá um skipulagninguna, fann aðalveiðistaðina fyrir okkur hina og veiddi iðulega flesta fiskana. Óli lagði mikið upp úr að hafa góðan mat í veiðiferðunum sem við veiðifélagarnir vorum afskaplega ánægðir með og sá hann oft að miklu leyti um innkaup og eldamennsku. Án hans hefðu ferðirnar aldrei verið jafn skemmtilegar og innihaldsríkar og þær voru.

Við hjónin erum líka mjög þakklát fyrir allar góðu stundirnar sem við áttum með honum og Huldu Kötlú. Þau voru höfðingjar heim að sækja og gott að koma til þeirra. Hjá þeim kynntumst við

meðal annars villibráð. Við fórum líka í margar mjög skemmtilegar ferðir með þeim út á land, til slökunar og skemmtunar. Síðasta ferðin sem við fórum með þeim var núna í haust þegar við fórum norður á Strandir að tína ber og hafa það gott saman ásamt fjölskyldu Huldu.

*Þó er eins og yfir svífi  
enn og hjóti að minna á þig  
þættirnir úr þínu lífi,  
þeir, sem kærast glöddu mig.  
Alla þína kæru kosti  
kveð ég nú við dauðans hlið,  
man, er lífsins leikur brosti  
ljúfast okkur báðum við.*

(Steinn Steinarr.)

Svavar Ellertsson



Dalsgarður

– við gerum rósir


**Blómasala alla daga**

**kl. 9.00-13.00**

**Dalsgarði Mosfellsdal**

Gisli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer  
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland  
Sími/tel: +3545667490  
Fax: +3545667610  
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is

# Á eftir vetri...



Stundum var í vetur leið  
veðrasamt á glugga.  
Var ekki eins og væri um skeið  
vofa í hverjum skugga?  
Fáir vissu að vorið beið  
og vorið kemur að hugga.

*Úr ljóðinu Íslenskt vögguljóð á hörpu  
eftir Halldór Laxness*

# ...kemur vor



## Gvendarreitur

Sumarið 1987 hófu Íbúasamtökin Víghóll öfluga og skipulagða skógrækt á landspildu vestan við Furuvelli til minningar um Guðmund Bjarnason frá Mosfelli sem hóf þar trjárækt. Næstu árin hélt Víghóll vinsælar samkomur á spildunni og þá var bæði plantað, grillað og farið í ýmsa leiki. Eitt árið var haldið þar námskeið í torfhleðslu og má enn sjá afrakstur þess á svæðinu.

Þessi mannamót runnu sitt skeið en Dalbúar! Eigum við ekki að taka upp þráðinn að nýju og halda upp á 25 ára afmæli Gvendarreits næsta sumar?

*Nonni í Mosskógum.*

*Á myndinni er horft yfir Dalinn úr Æsustaðafjalli.*

*Ljósmyndir: Rafn Jónsson*

# Annáll ársins 2011

## Kæru Dalbúar!

Á síðasta ári voru stigin nokkur framfaraspor til að bæta lífsgæðin í Dalnum. Á aðalfund Víghóls mættu nokkrir bæjarfulltrúar og embættismenn og áttu góðan fund með fjölmörgum Dalbúum. Margt bar á góma og komu fram ýmsar hugmyndir um hvað betur mætti fara. Má þar nefna að yfirvöld beittu sér fyrir því að Þingvallavegurinn yrði gerður öruggari, vegir í Dalnum yrðu bættir, hugað yrði að mengunarmálum og svo mætti lengi telja. Í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld var reynt að vinna úr þessum hugmyndum og þótt sumum finnst hægt ganga, gerðist þó nokkuð. Vegagerðin setti vegrið við Ásana, reyndar ekki akkúrat þar sem flestir töldu að þörfin væri mest, sem sagt á Ásunum sjálfum; settir voru upp hraðamælur og afleggjarar í Dalnum lagaðir til í tengslum við að umsjá þeirra færist nú yfir til sveitarfélagsins.

## Mengunarmál

Nonni í Mosskógum fór í skoðunarferð um Dalinn með umhverfisstjóranum til að kynna sér ástand rotþróa. Ýmislegt er ábótavant í þeim efnum, en einnig hefur margt verið lagað og er verið að setja upp skolphreinsistöðvar á nokkrum stöðum. Auk þess hefur verið tekið myndarlega á mengunarmálum í minkabúinu og í Laxnesi og heldur það starf áfram.

## Göngubrúin

Þá var göngubrúin yfir Suðurána við Vindhól endurnýjuð. Vitaskuld er margt hægt að gera fleira til bóta en góðir hlutir gerast hægt!

## Skemmtanaliðið

Félagsstarfið var í föstum skorðum á árinu. Varðeldurinn var aftur kominn á


sinn stað og í þetta skiptið í góðu samstarfi og samkomulagi við alla hlutað-eigandi! Þorablótið klikkaði ekki fremur venju og nú um helgina höldum við þorablót og ekki að efa að það verði hin besta skemmtun, a.m.k. getum við bókað að fjöldi manna fær sinn skammt í annálnum hjá Bidda!

## Hætta skal leik...

Við sem höfum undanfarin ár setið í aðalstjórn Víghóls teljum að nú sé tíma-bært að stiga til hliðar og leyfa nýju fólki að komast að. Við höfum því ákveðið að gefa ekki kost á okkur til frekari stjórnarstarfa fyrir félagið að sinni og hlökkum til að sjá aðra, sem kosnir verða til starfa á aðalfundinum 16. febrúar nk., halda uppi merki félagsins! Við þökkum kærlega fyrir okkur.

## Sjáumst á þorablótinu!

Rafn Jónsson, formaður Víghóls



Ný göngubrú yfir Suðurá við Vindhól.